



**205. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 20. desember 2012 kl. 17:00, í kjölfarið af Stofnþingi Akstursíþróttasambands Íslands.**

**Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Friðrik Einarsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Helga H. Magnúsdóttir, Hafsteinn Pálsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Gústaf Adolf Hjaltason 1. varamaður, Garðar Svansson 2. varamaður og Gunnlaugur Júlíusson 3. varamaður.**

**Forföll: Jón Gestur Viggósson.**

### **1. Akstursíþróttasamband Íslands**

Forseti fór yfir það helsta frá Stofnþingi Akstursíþróttasambands Íslands sem haldið var fyrr í dag en sambandið er 29. sérsambandið innan vébanda ÍSÍ. Lárus Blöndal var kjörinn formaður sambandsins.

### **2. Ólympísk verkefni**

#### **EYOWF Brasov**

Undirbúningur gengur vel. Fyrir liggur tillaga frá Afrekssviði um keppenda og þjálfara í listdansi á skautum sem verður tekin fyrir undir liðnum „Fundargerðir“.

#### **Smáþjóðaleikar 2013**

Friðrik Einarsson formaður Afrekssviðs skýrði frá því að hann og Gunnar Bragason gjaldkeri hefðu fundað með Körfuknattleikssambandi Íslands vegna þátttöku í leikunum.

#### **Sochi 2014**

Eins og staðan er þá er öruggt að lágmarkspátttaka á leikunum eru þrír keppendur; tveir í alpagreinum og einn í skíðagögnu. Vonir standa til að það fjölgi í hópi keppenda þegar nær dregur leikum.

### **3. Smáþjóðaleikar 2015**

Borist hafa tilnefningar fá Reykjavíkurborg, mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Íþróttabandalagi Reykjavíkur um fulltrúa í skipulagsnefnd leikanna. Fulltrúar verða eftirfarandi:

Frá ÍBR: Ingvar Sverrisson og Frímenn Ari Ferdinandsson

Frá ÍTR: Ómar Einarsson, Eva Einarsdóttir og Steinþór Einarsson

Frá ráðuneytinu: Óskar Þór Ármannsson

Gert er ráð fyrir því að nefndinni verði ýtt úr vör nú í janúar og ráðning starfsmanns skoðuð.

### **4. Evrópuleikar 2015**

Á aðalfundi Evrópusambands ólympíunefnda í byrjun desember sl. var umdeild tillaga samþykkt um að setja á laggirnar svokallaða Evrópuleika. Verða þeir haldnir í fyrsta skipti árið 2015 í Baku í Azerbajjan. Ekki er endanlega komið á hreint hvaða íþróttgreinar verða keppnisgreinar á leikunum. Fylgst verður vel með tilkynningum um tímasetningu leikanna þar sem það getur haft áhrif á þátttöku í Smáþjóðaleikunum sem haldnir verða á Íslandi í júní 2015.

### **5. Afmæli ÍSÍ**

Nú hillir í lok afmælisársins og ekki fleiri viðburðir á dagskrá fyrir utan hófið um Íþróttamann ársins sem fjallað verður nánar um undir sér dagskrárlið síðar á fundinum. Hjördís Guðmundsdóttir verkefnastjóri lætur af störfum um áramótin.

## 6. Fjárlög 2013

Farið yfir fund með fulltrúum stjórnmalaflokka á Alþingi, sem haldinn var á undan Formannafundi ÍSÍ 23. nóvember sl. Rætt um Fjárlög Alþingis og samningaviðræður við mennta- og menningarmálaráðuneytið um samning til fjögurra ára um fjárveitingar til íþróttahreyfingarinnar. Samþykkt að ef og þegar samningur liggja fyrir þá verði hann borinn undir framkvæmdastjórn ÍSÍ til umfjöllunar og samþykktar. Framkvæmdastjóra og gjaldkera falið að fá nánari upplýsingar frá ráðuneytinu um nýjustu stöðu málsins.

## 7. Íþróttamaður ársins

Undirbúningur fyrir sameiginlegt hóf ÍSÍ og Samtaka íþróttafréttamanna um kjör Íþróttamanns ársins er í fullum gangi. Hófið verður haldið 29. janúar í Gullhömrum í Grafarholti og verður með stærra sniði í tilefni 100 ára afmælisári ÍSÍ. Fjölgað var á boðslistanum og gert er ráð fyrir 350-400 manns á hófinu. Hófið verður með hátíðlegu sniði og sjónvarpsútsending frá þeim hluta sem snýr að ÍSÍ verður aukinn til muna. Búið er að fá Þóru Arnórsdóttur sjónvarpskonu til aðstoðar við kynningu dagskráratriða á hófinu þar sem útsending Sjónvarps verður með flóknari hætti að þessu sinni. Samtök íþróttafréttamanna munu brydda upp á ýmsum nýjungum á hófinu og meðal annars útnefna „Lið ársins“ og „Þjálfara ársins“.

Bjarni Friðriksson og Vala Flosadóttir verða útnefnd í Heiðurshöll ÍSÍ við þetta tækifæri.

## 8. Heiðranir

Engar tilnefningar til heiðrana liggja fyrir fundinum.

## 9. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram og samþykktar.

- 204. fundur framkvæmdastjórnar
- 20., 21. og 22. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Almenningsíþróttasvið, 68. fundur
- 106. fundur Afreks- og ólympíusviðs frá 27. nóvember 2012
- 107. fundur Afreks- og ólympíusviðs ÍSÍ frá 18. desember 2012

Lögð fram tillaga Afreks- og ólympíusviðs ÍSÍ um Agnesi Dís Brynjarsdóttur sem keppanda í listdansi á skautum og Clair Wileman sem þjálfara á EYOWF í Brasov á næsta ári. **Tillagan samþykkt.**

Afreks- og ólympíusvið ÍSÍ leggur til að Helga H. Magnúsdóttir verði aðalfararstjóri á EYOF í Utrecht. **Tillagan samþykkt.**

Afreks- og ólympíusvið ÍSÍ leggur til að Friðrik Einarsson verði aðalfararstjóri á Smáþjóðaleikum í Luxemborg. **Tillagan samþykkt.**

- Fundur Afrekssjóðs og Sjóðs ungra og efnilegra frá 29. nóvember 2012
- Fundur Afrekssjóðs og Sjóðs ungra og efnilegra frá 18. desember 2012
- Fundur Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ frá 14. nóvember 2012
- Fundur Laganefndar ÍSÍ frá 18. desember 2012.
- Fundur Verkefnasjóðs ÍSÍ frá 20. desember 2012. **Eftirfarandi þjálfarastyrkir samþykktir:**

Adam Clinton Reeve	Dans	dómaranámsk. Í Ástralíu WDSF	50.000
Anthony Douglas Kattan	Sund	námsk. Í Ástralíu	50.000
Axel Ólafur Þórhannesson	Fimleikar	námsk. evr.fiml.samb. Terenia Ítalía	50.000
Ásta Katrín Helgadóttir	Frjálsar, fatlaðir	námsk.til að verða technical delegate	50.000
Fríða Rún Þórðardóttir		Intern. Sports+exercise conf.2012 Newc.	50.000
Guðbjört Erlendsdóttir	ÍF, skautaíþr	námsk.dómg.Spec.Olympics	50.000

Hróbjartur P. Hilmarsson	Fimleikar	námsk. evr.fiml.samb. Terenia Ítalía	50.000
Jón Axel Jónsson	Tennis	aðalþj. TFK Alþj.tenniss. Í Helsinki	50.000
Lárus Jónsson	Körfuknattleikur	aðst.þj. U16, vikunámsk. 3x fiba europe	50.000
Ólafur Víðir Ólafsson	Siglingar	námsk.landsliðsþj. Á Spáni	50.000
Patrekur Jóhannesson	Handknattleikur	Master Coach nám hjá EHF	50.000
Raj K. Bonifacius	Tennis	landsliðsþj. ungl.námsk. Alþj.tenniss.	50.000

#### **10. Viðburðir framundan**

Farið yfir helstu viðburði sem framundan eru.

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að 71. Íþróttaping ÍSÍ yrði haldið á Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Dagsetning þingsins er eins og áður var ákveðið 19.-20. apríl 2013.

#### **11. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ**

Næsti fundur í framkvæmdastjórn ÍSÍ er 24. janúar 2013.

#### **12. Önnur mál**

Lögð fram ályktun Ungmenna- og íþróttasambands Austurlands þar sem sambandið lýsir þungum áhyggjum af auknum ferðakostnaði íþróttahreyfingarinnar og fyrirhugaðri skerðingu á framlagi ríkisins til Ferðasjóðs íþróttafélagi í tillögu að Fjárlögum Alþingis.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir fundarritari